



**5. Fundur byggðaráðs Blönduósbæjar
mánudaginn 29. september 2014, kl. 17:00.**

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

- a. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. september 2014
- b. Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 3. september 2014
- c. SSNV frá 7. júlí 2014
- d. SSNV frá 15. júlí 2014
- e. SSNV frá 23. júlí 2014 kl. 10:00
- f. SSNV frá 23. júlí 2014 kl. 14:00
- g. SSNV frá 30. júlí 2014
- h. SSNV frá 21. ágúst 2014

2. Vinnuferli við fjárhagsáætlun 2015

3. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri frá 9. september 2014

4. Bréf frá atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti frá 2. september 2014

5. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2014

6. Erindi frá hagsmunafélagi hestamanna á Blönduósi frá 4. september 2014

7. Erindi frá starfsmönnum Leikskólans Barnabæjar frá 9. September 2014

8. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir

- a) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. september 2014**
Lögð fram til kynningar
- b) **Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 3. september 2014**
Lögð fram til kynningar
- c) **SSNV frá 7. júlí 2014**
Lögð fram til kynningar



- d) **SSNV frá 15. júlí 2014**
Lögð fram til kynningar
- e) **SSNV frá 23. júlí 2014 kl. 10:00**
Lögð fram til kynningar
- f) **SSNV frá 23. júlí 2014 kl. 14:00**
Lögð fram til kynningar
- g) **SSNV frá 30. júlí 2014**
Lögð fram til kynningar
- h) **SSNV frá 21. ágúst 2014**
Lögð fram til kynningar

Byggðaráð harmar þá ráðstöfun SSNV að leggja niður starfsstöð atvinnuráðgjafa á Blönduósi. Athygli vekur að á sama tíma eru auglýst eftir atvinnuráðgjafa þar sem starfsstöð hans er auglýst sérstaklega. Byggðaráð óskar skýringa á ofangreindu.

2. Vinnuferli við fjárhagsáætlun 2015

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti vinnuferli við fjárhagsáætlun 2015.

Vinnuferli við fjárhagsáætlun 2015 samþykkt.

3. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri frá 9. september 2014

Tónlistarskólinn hefur borist umsókn um tónlistarnám frá einstaklingi sem er með lögheimili á Blönduósi. Óskað er eftir því að lögheimilisveitarfélagið greiði kostnaðinn.

Byggðaráð samþykkir erindið.

Enda þótt ekki liggi fyrir endanlegt uppgjör við Jöfnunarsjóðinn vegna þessa erindis og samhljóða erindis sem fyrr hefur borist sbr. fundargerð 25. júní sl.vill byggðaráð nú þegar leggja til viðauka við fjárhagsáætlun að upphæð 1.1 m.kr. sem mætt verður með eigin fé.

Fært í trúnaðarbók.

4. Bréf frá atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti frá 2. september 2014

Ráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta fiskveiðiársins 2014/2015.

Sveitarstjóra falið að útbúa umsókn og senda á ráðuneytið.

5. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2014

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn miðvikudaginn 8. október n.k.í Reykjavík.

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri, mætir fyrir hönd Blönduósbæjar.

6. Erindi frá hagsmunafélagi hestamanna á Blönduósi frá 4. september 2014

Hagsmunafélag hestamanna á Blönduósi óska eftir leyfi að girða í Kúagirðingu milli Hnjúkatjarnar og Blöndu. Jafnframt er óskað eftir stuðningi sveitarfélagsins við verkið varðandi efniskaup girðingar.



Byggðaráð samþykkir stuðning við verkefnið. Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara varðandi útfærslu verkefnisins.

7. Erindi frá starfsmönnum Leikskólans Barnabæjar frá 9. September 2014

Óskað er eftir að Blönduósbær felli niður 50% af árgjaldi í Íþróttamiðstöð.

Byggðaráð fagnar framkomnu erindi starfsmanna Barnabæjar. Byggðaráð samþykkir að móta tillögur við fjárhagsáætlunargerð 2015 sem eru grundvallaðar á tillögu starfsmanna Barnabæjar og myndi ná til alla starfsmanna Blönduósbæjar.

8. Önnur mál

a) Bréf frá SSNV dags. 30. júlí 2014

Lagt fram til kynningar

b) Þjóðvegur 1 í gegnum Blönduósbæ

Byggðaráð fjallaði um þjóðveg 1 í gegnum Blönduósbæ. Sveitarstjóri upplýsti um fyrirhugaðan fund með Vegamálstjóra.

c) Þingmannafundur

Rætt var um þingmannafund sem haldinn verður 2. október n.k. Ræddar voru hugmyndir, verkefni og tillögur sem Blönduósbær mun leggja áherslu á.

Fundi slitið 20:30

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)